

1905

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 220/1992. **Sigurborg Elfa Þórðardóttir**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga

á Suðurlandi

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Kröfugerð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Adólf Adólfsson, þáverandi bæjarfógeti í Bolungarvík, var dómari í máli þessu í héraði frá þingfestingu þess 9. september 1987. Hann lét af starfi bæjarfógeta 14. janúar 1990.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. apríl 1992 samkvæmt heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hún krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og málinu heimvísað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hún sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, voru verulegir annmarkar á meðferð máls þessa í héraði. Áfrýjandi (stefnda í héraði) var sjálf við þingfestingu málsins 9. september 1987, og var þá tekin af henni skýrsla. Bókað var, að málinu væri frestað til 30. september, en þess ekki getið, í hvaða skyni frestur væri veittur. Engin bókun var þess efnis, að héraðsdómari hefði leiðbeint áfrýjanda, sem er ólögfróð, um kröfugerð og málsmeðferð og hverju það sætti, ef útivist yrði af hennar hálfu. Í þinghaldi 30. september 1987 var enginn viðstaddur af hálfu áfrýjanda, en málinu frestað til 14. október að ósk stefnda „til frekari öflunar gagna og greinargerðar“, þótt stefndi hefði þegar lagt fram greinargerð. Hinn 14. október er

bókað, að tilteknir starfsmenn embættisins mæti fyrir aðila, en þeir skrifuðu þó ekki undir bókunina. Þá var lagt fram bréf frá stefnda með ósk um dómtöku málsins, og var það dómtekið. Í framangreindum þinghöldum voru engir vottar, sbr. 41. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, er í gildi voru á þessum tíma. Síðan gerist ekkert í málinu fyrr en 9. maí 1990, að þingað er í því af dómara þeim, er kvað upp hinn áfrýjaða dóm. Margrét Guðfinnsdóttir, frænka áfrýjanda, mætti þá af hennar hálfu og áréttaði andmæli hennar, sem hún setti fram við þingfestingu málsins. Ekki verður séð, að héraðsdómari hafi leiðbeint Margréti, sem er ólögfróð. Var síðan bókað, að aðilar samþykktu, að málið yrði dómtekið að nýju og dæmt skriflega.

Eins og lýst er í héraðsdómi, er mál þetta höfðað til innheimtu vaxta og verðbóta á eftirstöðvar höfuðstóls skuldabréfs. Í stefnu segir: „Vextir og verðbætur á eftirstöðvum höfuðstóls 02.08.1985 voru kr. 26.143,10. Við uppgjör á láninu ládist að innheimta verðbætur og vexti á eftirstöðvar höfuðstólsins, kr. 26.143,10, og var stefndu afhent frumrit skuldabréfsins, kvittað til aflýsingar.“ Af stefnunni verður ekki ráðið, hvernig fjárhæð þessi er ákvörðuð. Ekki eru heldur upplýsingar um það í greinargerð stefnda í héraði. Áfrýjandi hafði fengið sundurliðaða, fyrirvaralaus kvittun fyrir fullnaðargreiðslu skuldabréfsins frá lögmönnum þeim, sem höfðu innheimtu bréfsins með höndum. Bar því brýna nauðsyn til, að stefndu mætti vera ljóst, hvernig stefnufjárhæðin væri fengin. Samkvæmt framansögðu var málatilbúnaði af hálfu stefnanda í héraði svo áfátt, að efnisdómi mátti ekki á málið ljúka. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu ex officio frá héraðsdómi.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, fór málsmeðferð í höndum Adólfs Adólfssonar bæjarfógeta svo úrskaiðis, að vítavert var.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

1907

Dómur bæjarþings Bolungarvíkur 14. maí 1990.

Mál þetta höfðaði stefnandi, Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi, nnr. 6088-9791, Austurvegi 22, Selfossi, gegn Sigurborgu Elfu Þórðardóttur, nnr. 7825-3304, þá til heimilis að Völusteinsstræti 13 í Bolungarvík, en nú til heimilis að Skólavegi 85 á Fáskrúðsfirði, með stefnu, út gefinni 15. júlí 1987. Stefnan var birt 18. ágúst 1987 og málið þingfest 9. september sama ár.

Við þingfestingu var málinu frestað til 30. september 1987. Þinghald þann dag sótti enginn af hálfu stefndu, en málinu var að ósk stefnanda frestað til 14. október „til frekari öflunar gagna og greinargerðar“. Greinargerð af hálfu stefnanda hafði þó verið lögð fram við þingfestingu 9. september 1987. Hinn 14. október 1987 er bókað, að tilteknir starfsmenn embættisins mæti fyrir aðila málsins, en þeir rita þó ekki undir bókun, og vottar hafa ekki verið kvaddir til. Í þessu þinghaldi er málið dómtekið af hinum skipaða bæjarfógeta, Adólfi Adólfssyni, sem hafði farið með málið frá upphafi. Þegar sá dómari, sem nú fer með málið, var settur bæjarfógeti í Bolungarvík 14. janúar 1990, hafði enn ekki verið kveðinn upp dómur í því. Hinn setti dómari ritaði aðilum málsins bréf 6. apríl 1990 og boðaði til þinghalds 9. maí sama ár. Í því þinghaldi samþykktu umboðsmenn aðila, að málið yrði nú dómtekið að nýju, og var svo gert.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 26.143,10 kr. auk dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð, sem hér segir: 3,75% frá 18. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 2,50% frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnda hefur ekki gert sérstakar dómkröfur, en hefur þó andmælt dómkröfum stefnanda, eins og síðar verður rakið.

— — —

Niðurstaða.

Það er ljóst, að verulegir annmarkar hafa verið á meðferð þessa máls. Þrátt fyrir það þykir það nú vera tækt til dómsálagningar að efni til, þar sem aðilar hafa samþykkt 9. maí 1990 dómtöku þess að nýju án frekari athugasemda.

Í ákvæðum hins umrædda veðskuldabréfs eru skýr ákvæði um skyldu til greiðslu verðbóta og vaxta af höfuðstól þess á hverjum tíma. Sú skylda fellur ekki sjálfkrafa niður, þótt veðtrygging lánsins falli niður, án þess að það sé að fullu gert upp í samræmi við efni skuldabréfsins. Þegar stefnda hugðist gera lánið upp, er einungis þrjú ár voru liðin af tuttugu ára lánstíma, hlaut hún að gera sér nokkurn veginn grein fyrir því, hvaða

fjárhæðir væri um að ræða. Henni mátti því vera ljóst, að umkrafin fjárhæð var óeðlilega lág. Hún var svo mjög fljótlega, hálfum öðrum mánuði síðar, látin vita um þau mistök, sem orðið höfðu. Hún þykir því ekki geta borið það fyrir sig til sýknu, að hún hafi talið sig lausa allra mála, er hún greiddi höfuðstólinn.

Samkvæmt framansögðu verður stefnda dæmd til þess að greiða stefnanda hina umkröfðu fjárhæð, 26.143,10 kr., sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Þar sem skuldin var ekki öll í gjalddaga fallin, er stefnda hugðist gera hana upp, þykir með hliðsjón af 9. gr. vaxtalaga rétt, að dráttarvextir reiknist frá 18. október 1985, en stefnandi krafði stefndu sannanlega um fullnaðaruppgjör verðbóta og vaxta með bréfi 18. september 1985.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 20.000 kr.

Pétur Kr. Hafstein, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Sigurborg Elfa Þórðardóttir, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Suðurlandi, 26.143,10 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 18. október 1985 til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 20.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
